


| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08.2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Sampykkt: SHJ | | |
| Síða 1 af 2 | Uppeldisaðstæður - verkefnaáfangi (UPP 303) | |
| | Kennsluáætlun vorönn 2013 | |

| | | | |
|----------------------|---------------------------------|-------------------|-----|
| Nafn kennara: | Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir | Sk.stöfun: | HRS |
|----------------------|---------------------------------|-------------------|-----|

Áfangalýsing

Í þessum áfanga vinna nemendur eitt stórt rannsóknarverkefni. Mikilvægt er að nemendur komi sjálfir með hugmyndir um val á viðfangsefni og áhugi þeirra stýri verkefninu. Verkefnið þarf aðeins að varða uppeldisaðstæður barna og unglinga á einhvern hátt. Viðfangsefnin geta verið af ýmsum toga t.d. fötluð börn, unglinga- og barnaefni í fjölmiðlum, tölvunotkun, barnateikningar, ungbarnasund, ungbarnanudd, ungir foreldrar, uppeldisstefnur í leikskólastarfi, áhrif ofbeldis á börn, samskipti, agamál og hreyfing. Einnig geta nemendur dýpkað skilning sinn á efnisþáttum sem hafa verið til umfjöllunar í fyrri uppeldisfræðiáföngum.

Kennari stýrir vinnu nemenda en nemendur bera sjálfir ábyrgð á verkefnavinnu sinni. Lögð verður áhersla á að nota rannsóknaraðferðir og rannsóknarferli sem viðhöfð eru í uppeldis- og menntunarfræðum. Kennari veitir leiðsögn við meðferð og úrvinnslu þeirra gagna sem nemendur afla.

Markmið

Í þessum áfanga er mikilvægt að nemendur:

- setji sér markmið með verkefnavinnu, orði markmiðin og afmarki þannig viðfangsefni
- setji fram spurningar um ákveðið viðfangsefni, spurningar sem ekki leiða eingöngu til staðreynda heldur sýna mismunandi sjónarhorn
- flokki spurningar um viðfangsefni í efnisþætti og skipuleggi þannig uppbyggingu verkefnis
- geri raunhæfa tímaáætlun um verkefnavinnu
- sýni fram á sjálfstæði í vinnubrögðum
- taki þátt í hópvinnu þar sem reynir á samvinnu við skipulagningu, efnisöflun og úrvinnslu og sýni fram á vilja til lausnar ef upp kemur ágreiningur innan hópsins
- öðlist þekkingu á helstu rannsóknaraðferðum uppeldis- og menntunarfræðinnar

Nánari upplýsingar um markmið er að finna á


<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/AC338D47D5130BE0002576F00058D4CA/Attachment/AFsamfelagsgreinar.pdf>

Námsgögn

Allt það efni sem nemendur geta nýtt í verkefnavinnuna hvort sem er úr bókum, tímaritum, dagblöðum eða af netinu svo og niðurstöður eigin rannsókna.

Áætlun um yfirferð

1. Lota: Kynntar verða helstu rannsóknaraðferðir í uppeldis og menntunarfræðum.
2. Lota: Kynnt verður rannsóknarferli í félagsvísindum.
3. Lota: Farið verður í mikilvægi áreiðanlegra heimilda, trúverðugleiki skoðaður og skráning þeirra. Heimsótt verða bókasöfn á Akureyri og starfsemi þeirra kynnt.
4. Lota: Nemendur velja sér viðfangsefni, afla gagna og skila kennara skipulagi fyrir

| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri Uppeldisaðstæður - verkefnaáfangi (UPP 303) Kennsluáætlun vorönn 2013 |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08.2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 2 af 2 | | |

verkefnavinnuna.

5. Lota: Nemendur vinna að völdu viðfangsefni.
6. Lota: Nemendur undirbúa kynningu og birtingu niðurstaðna.

Verkefni

Nemendur vinna eitt stórt verkefni. Þetta verkefni er hópavinna. Í upphafi þurfa nemendur að skila inn hugmynd að vinnuskipulagi hópsins. Hálfsmánaðarlega þurfa nemendur svo að gera grein fyrir vinnu síðustu tveggja vikna og hvernig það samræmist upphaflegu skipulagi. Þetta er gert í tímum þannig að kennari og samnemendur geti spurt og aðstoðað eftir atvikum. Þegar rannsókn og verkefni er lokið þarf að undirbúa kynningu og birtingu á viðfangsefni.

Námsmat og vægi námsþátta

| | |
|--------------------------------|-----|
| Val á viðfangsefni og skipulag | 15% |
| Verkefni | 50% |
| Kynning á verkefni | 20% |
| Birting niðurstaðna á vef | 15% |

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf á önninni.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils